



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Spretthópur vegna hávaða í miðbænum

Eftir að Covid-faraldrinum létti og starfsemi veitinga- og skemmtistaða í miðbænum komst í eðlilegt horf á ný hafa borist kvartanir íbúa í miðbænum um hávaðamengun. Í kjölfarið ákváðu formaður borgarráðs og borgarritari að boða fulltrúa íbúa og fleiri hagaðila til samráðsfundar 22. júní s.l. Tilgangur fundarins var að koma til móts við áhyggjur íbúa og fara ítarlega yfir málin og vinna að lausnum. Ákveðið var að kalla eftir fleiri hagaðilum til samráðsins.

Annar samráðsfundur var haldinn 28. júní s.l. en hann sátu m.a. fulltrúar frá Reykjavíkurborg, íbúum, heilbrigðiseftirlitinu, Samtökum reykvískra skemmtistaða, SVEIT, lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, sýslumanni o.fl. Ýmsar hugmyndir komu fram á fundinum til að draga úr hávaðamengun eins og að eftirlitsaðilar nýti sín úrræði, vera með næturstærð til að leysa fráflæðisvanda, lögreglan leggi áherslu á að fjarlægja hátalara veitingaaðila á götum úti, skoðað verði með styrki til rekstraraðila til að bæta hljóðvist, Samtök Reykvískra skemmtistaða miðli upplýsingum strax til sinna félagsmanna um ábyrgð þeirra, efling fræðslu til starfsmanna skemmtistaða þegar kemur að hljóðmengun o.fl. Þá var ákveðið að setja af stað spretthóp, undir stjórn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, til að kortleggja aðgerðir sem hægt er að fara sem allra fyrst í. Einnig að horfa til lengri tíma.

Á fyrsta fundi samráðshópsins í júní var jafnframt ákveðið að halda samantektarfund í lok ágúst til að meta hvernig þær aðgerðir gengu sem gripið var til í sumar. Sá fundur var haldinn 31. ágúst s.l. Þar komu m.a. fram ábendingar um hnökra á skráningu hjá lögreglu á hávaðakvörtunum frá íbúum. Samtök reykvískra skemmtistaða stóðu sig vel í upplýsingagjöf til sinna félagsmanna sem skilaði árangri. Fulltrúar íbúa telja að ástandið í sumar hafi lagast að einhverju leyti en spjótin berast að stöðum sem ekki eru hluti af Samtökum reykvískra skemmtistaða. Einnig þarf að huga að framtíðinni í þessum efnum þegar kemur að staðsetningu og opnunartíma.

Fulltrúi heilbrigðiseftirlitsins greindi frá því að heilbrigðiseftirlitið fór í ítarlegar aðgerðir í sumar. Farið var á milli veitingastaða/kráa og ástandið greint og í kjölfarið voru send út á fjórða tug kröfubréfa vegna staðfests ónæðis. Einnig var sent út bréf á nokkra aðila til að tilkynna um eftirlit á svæðinu. Þetta virðist hafa skilað sér í lægri hávaða og taka fulltrúar íbúa undir það. Þá fór fram hávaðamæling í húsnæði í nágrenni við stað sem sérstaklega hefur verið kvartað yfir. Mælingar staðfestu að hávaði væri yfir leyfilegum mörkum og málið komið í viðeigandi farveg. Einnig kom fram að óskað hefur verið eftir umræðu í borgarráði um hávaðamengun í miðbænum. Mikil ánægja ríkti með næturstærð sem leysti hluta fráflæðisvandans. Næturstærð verður þangað til í október. Þá var lýst yfir áhyggjum af ofbeldisverkum í miðbænum. Sammælst var um nokkrar aðgerðir sem verið er að vinna eftir, m.a. í samráði við



Reykjavíkurborg

Samtök reykvískra skemmtistaða þar sem lagðar verði línur um frekara samstarf til að sporna við hávaðamengun í miðbænum.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari